



25. apríl 2023
Tilv.: 2202113

Dreifibréf nr.: 16/2023
til rekstraraðila sérhæfðra sjóða og Samtaka fjármálafyrirtækja

Efni: Reglur um skilgreiningar og viðmið vegna evrópskra langtímafjárfestingarsjóða (ELTIFs).

Seðlabanki Íslands hefur gefið út umræðuskjal, nr. 8/2023, sem inniheldur drög að reglum til að innleiða framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/480 um skilgreiningar og viðmið vegna evrópskra langtímafjárfestingarsjóða. Reglurnar verða settar með stoð í 1. mgr. 15. gr. laga nr. 115/2022, um evrópska langtímafjárfestingarsjóði.

Í umræðuskjali nr. 8/2023 er að finna drög að reglum um skilgreiningar og viðmið vegna evrópskra langtímafjárfestingarsjóða. Með reglunum verður innleidd framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/480 frá 4. desember 2017 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/760 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um fjármálaafleiðugerninga sem hafa þann eina tilgang að verja gegn áhættu, nægilegan líftíma evrópsku langtímafjárfestingarsjóðanna, viðmiðanir fyrir mat á markaðnum fyrir hugsanlega kaupendur og virði eignanna sem á að losna við og tegundir og einkenni aðstöðunnar sem stendur almennum fjárfestum til boða.

Með dreifibréfi þessu gefur fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands viðtakendum kost á að koma á framfæri athugasemdum við drögin. Skjölín eru birt á vefsíðu Seðlabankans: [Umræðuskjöl | Fjármálaeftirlitið \(fme.is\)](#). Óskað er eftir því að athugasemdir umsagnaraðila við meðfylgjandi umræðuskjölum berist eigi síðar en 2. maí nk. Óskað er eftir að umsagnir séu ritaðar á þar til gerð umsagnareyðublöð sem finna má á vefsíðu Seðlabankans, sbr. nánari skýringar í umræðuskjölum. Umsagnareyðublöð skal senda á netfangið: skjalasafn@sedlabanki.is.

Virðingarfyllst,

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Gísli Óttarsson
framkvæmdastjóri
Varúðareftirlit

Jónas Þór Brynjarsson
forstöðumaður
Varúðareftirlit

SEÐLABANKI ÍSLANDS

